

Allsherjar-og menntamálanefnd Alþingis

143. mál. Tillaga til þingsályktunar um ráðstöfun útvarpsgjalds.

Flm. Bergþór Ólason, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

Umsögn: Síminn hf

Síminn fagnar framkominni tillögu og telur hana mikilvægt innlegg í umræðuna um bæði umsvif Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði og fjármögnun sjálfstæðra fjölmiðla. Ríkisútvarpið keppir þegar við alla fjölmiðla landsins um auglýsingatekjur og því fullkomlega eðlilegt að það skapist vísir að samkeppni um ráðstöfun útvarpsgjalds. Ríkisútvarpið hefur lítið að óttast í þessum málum ef trúa má þeirra eigin fullyrðingum um hvernig stofnunin ber höfuð og herðar yfir aðra miðla þegar kemur að trausti almennings. Stofnunin er líka sérdeilis slungin í að beita sér í samkeppni við einkarekna miðla og myndi strax í upphafi njóta veglegs samkeppnisforskots.

Kjarni tillögunnar er að almenningur ráðstafi sjálfur hluta gjaldsins til fjölmiðils að eigin vali. Engin rök eru færð fyrir því að takmarka ráðstöfunina og meðan Ríkisútvarpið keppir nær óheft á auglýsingamarkaði væri eðlilegast að gera strax ráð fyrir að það hlutfall myndi hækka í þrepum og og enda með frjálsri ráðstöfun alls útvarpsgjaldsins. Síminn telur þessa leið vera mun eðlilegri til að styðja við frjálsa fjölmiðlun í landinu heldur en þá leið sem hefur nýverið farin og færir eftirlitsstofnunum og/eða stjórnáráðgjafum raunverulegt ritstjórnarvald á miðlunum. Miðlunum eru settar ýmsar leikreglur og viðfangsefnum þeirra gert mishátt undir höfði eftir geðþótta löggjafans. Þannig eru sumir miðlar í náðinni þegar kemur að styrkveitingum á meðan aðrir þurfa annaðhvort að sitja óbættir hjá garði eða laga starfsemi sína að styrkveitingum sem varla styður við markmið um fjölræði og fjölbreytileika. Tillagan færir valdið til neytendans sem nú getur að hluta til stýrt hvað miðla hann telur verða að njóta útvarpsgjalds.

Rétt er að minna á að nær allir lögaðilar, þar með talið einkareknir fjölmiðlar, þurfa að standa skil á útvarpsgjaldi sem rennur til Ríkisútvarpsins. Þannig var það líklega einn síðasti reikningurinn sem svæðisstöðin N4 þurfti að standa skil á áður en stöðin fór í þrot vegna yfirgangs ríkismiðilsins í auglýsingasölu. Hvar er sanngirninn í að litlir einkareknir miðlar þurfi að standa skil á gjöldum sem renna rakleitt til fjármögnunar markaðsráðandi rísa?

Tillaga Símans er að allir fjölmiðlar sem falla undir lögsögu fjölmiðlanefndar eigi að njóta jafnræðis þegar kemur að mögulegri úthlutun útvarpsgjalds eða annara styrkja. Þetta er eðlilegt sanngirnismál í ljósi þess að þegar miðill er skráður hjá fjölmiðlanefnd virkjast ýmis íþyngjandi lagaákvæði. Reglan væri einföld, ef ríkið vill hlutast til um rekstur miðilsins í gegnum fjölmiðlanefnd ætti sami miðill alltaf að njóta mögulegs ávinnings á móti.

Virðingarfyllt

Magnús Ragnarsson
framkvæmdastjóri miðla
Síminn